

Hagfræðideild HÍ – Málstofa í efnahagsmálum

Fimmtudaginn 23. október kl. 12:00-13:30, Hátíðasalur HÍ

Bankakreppan á Norðurlöndum í upphafi tíunda áratugarins

Prófessor Erling Steigum, Norwegian School of Management.



Í lok níunda áratugarins var mikil uppsveifla í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Erlent fjármagn streymdi inn í löndin, einkaneysla var mikil, skuldsetning jókst og fasteignaverð hækkaði. Sameining Þýskalands, sem hafði í för með sér aukningu ríkisútgjalda og vaxtahækkun þýska seðlabankans, varð síðan til þess að fjármagn streymdi aftur út úr þessum löndum, fasteignaverð lækkaði og fyrirtæki og heimili stóðu uppi með skuldirnar. Gengislækkun varð síðan til þess að auka skuldabyrðina enn meira. Margir bankar lentu í hremmingum og sumir voru þjóðnýttir. Í fyrirlestri sínum mun Erling Steigum lýsa þessari reynslu norðurlandþjóðanna og hvaða lærdóm megi draga af henni fyrir Íslendinga sem nú standa frammi fyrir svipuðum vandamálum.

Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

**HAGFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS**



www.hag.hi.is